

M-50/2009 Álit 18. ágúst 2009

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. ágúst 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-50/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á skjávarpa sem hann keypti 10. febrúar 2007 af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að kaupunum verði rift og verður að skilja kröfuna svo að álitsbeiðandi krefjist þess jafnframt að fá kaupverð skjávarpans endurgreitt þótt ekki komi það beint fram í álitsbeiðni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 8. júlí sl. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 17. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt skjávarpa af Y 10. febrúar 2007. Skjávarpinn bilaði og fékk álitsbeiðandi annan sams konar 30. maí s.á. Samkvæmt reikningi dagsettum sama dag var verð á skjávarpanum kr. 160.562. Álitsbeiðandi segir nýja skjávarpann hafa bilað 10. september 2007 og hafa verið sendan í viðgerð til framleiðanda. Samkvæmt tölvupósti frá Y, væntanlega frá 27. maí sl., kom skjávarpinn úr þeirri viðgerð 28. nóvember 2007. Í gögnum málsins kemur fram að skjávarpinn hafi bilað aftur 27. mars 2009 og segir álitsbeiðandi sér hafa verið sagt hjá Y að fara með hann til viðgerðar hjá fyrirtækinu Z þar sem hann sé enn. Álitsbeiðandi segist hafa fengið móttökukvittun hjá fyrirtækinu og sér jafnframt verið sagt að haft yrði samband við hann þegar viðgerð lyki. Það hafi ekki verið gert og hafi hann ekki neitt ýtt á eftir þessu fyrr en eins og fram kemur í tölvupósti álitsbeiðanda til Y frá 27. maí sl.

Í tölvupósti Y til Neytendasamtakanna, dags. 29. júní sl., en samtökin skrifuðu fyrirtækinu tölvubréf f.h. álitsbeiðanda 23. júní, segir að skjávarpinn sé hjá Z og sé varahlutur í hann væntanlegur til landsins þann dag og ætti skjávarpinn því að vera kominn í lag seinni part dagsins eða næsta dag. Þá segir orðrétt í tölvubréfi Y.

„Það er erfitt fyrir okkur að sjá að þetta sé ástæða til riftingar á kaupum sem fóru fram fyrir tæpum 2 og hálfu ári og því er það tillaga okkar að X taki skjávarpann til baka nú þegar viðgerð hefur verið lokið af hálfu þjónustuaðila.“

Eins og fyrr greinir krefst álitsbeiðandi þess að kaupum á skjávarpanum verði rift. Hann lýsir því að hann hafi þurft að vera án skjávarpans svo mánuðum skipti og aldrei verið boðið neitt að láni á þeim tíma. Hann kveðst einu sinni hafa farið fram á það en ekki fengið sambærilegan skjávarpa til afnota.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Kærunefndin lítur svo á að beiðni álitseiddanda varði skjávarpann sem hann fékk afhentan 30. maí 2007. Byggja verður á því sem fram kemur í gögnum málsins að sá skjávarpi hafi bilað 10. september 2007 og aftur 23. mars 2009 og álitseiddandi hafi farið með skjávarpann í viðgerð í bæði skiptin. Líta verður á þær athafnir álitseiddanda sem kvörtun út af galla og er það álit kærunefndarinnar að álitseiddandi hafi fullnægt ákvæðum 27. gr. laga nr. 48/2003 um kvörtunarfrest. Sömuleiðis verður að líta á þessar athafnir álitseiddanda sem ósk um að seljandi bætti úr göllum á skjávarpanum, en krafa um riftun kaupanna sýnist fyrst koma fram í bréfi Neytendasamtakanna til Y. frá 23. júní sl. sem skrifað var fyrir hönd álitseiddanda. Þá verður að telja í ljós leitt að Y hafi ekki neitað skyldu sinni til úrbóta.

Í 30. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar. Segir þar í 1.-3. mgr. eftirfarandi:

„Úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

Seljandi á ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftast en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæta frekari úrbætur eða afhendingu.

Ef úrbætur eða ný afhending seljanda hafa það í för með sér að neytandi getur ekki notað söluhlut í meira en eina viku getur neytandi krafist þess að fá sambærilegan hlut til umráða á kostnað seljanda. Þetta á þó aðeins við ef krafan telst sanngjörn með hliðsjón af þörfum neytandans og þeim kostnaði og óhagræði sem það hefur í för með sér fyrir seljanda.“

Það er álit kærunefndarinnar að seljandi hafi ekki glatað úrbótarétti sínum sbr. framangreind lagaákvæði og jafnframt verður að hafa í huga að álitseiddandi bað um viðgerð á skjávarpanum á sínum tíma. Það hve úrbætur hafa staðið lengi, og álitseiddandi kunni ekki að hafa fengið þá þjónustu á viðgerðartímanum sem kveðið er á um í 3. málsgreininni, skapar álitseiddanda ekki út af fyrir sig rétt til þess að rifta kaupunum, samkvæmt ákvæði d-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003, sbr. ákvæði 32. gr. sömu laga. Þar af leiðir að hafna verður kröfu álitseiddanda um riftun kaupanna að svo stöddu. Hins vegar ber seljanda að afhenda álitseiddanda skjávarpann í fullkomnu lagi eigi síðar en 1. september nk., en skilja verður það sem fram kemur í gögnum frá seljanda svo að nú hafi verið gert við skjávarpann. Geri hann það ekki er það álit kærunefndarinnar að álitseiddanda sé heimilt samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum 26. og 32. gr. laga nr. 48/2003 að rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur seljanda, Y, um riftun á kaupum skjávarpa er hafnað að svo stöddu. Seljanda ber að afhenda álitsbeiðanda skjávarpann í fullkomnu lagi eigi síðar en 1. september nk.. Geri seljandi það ekki er álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum og fá kaupverðið, kr. 160.562, endurgreitt.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir